



**Fundargerð
oddvitanefndar
Uppsveita Árnassýslu**



Fundur nr. 11 – 04.09.2025

11. fundur oddvitanefndar Uppsveita Árnassýslu (kjörtímabilið 2022 – 2026) var haldinn í fjarfundarbúnaðinum Teams, fimmtudaginn 4. september 2025 kl. 8:00.

Fundinn sátu:

Ása Valdís Árnadóttir formaður, oddviti Grímsnes- og Grafningshrepps

Haraldur Þór Jónsson, oddviti Skeiða- og Gnúpverjahrepps

Helgi Kjartansson, oddviti Bláskógabyggðar

Jón Bjarnason, oddviti Hrunamannahrepps

Fundargerðin var færð í tölvu og hana ritaði Ása Valdís Árnadóttir.

1. Laugaráshérað.

Fyrir fundinn liggur minnisblað frá Lögmenningum Suðurlandi um tillögu að breytingum á rekstrarformi Laugaráshéraðs kt. 620169-5879.

Tillagan er eftirfarandi:

Í ljósi ákvæða sveitarstjórnarlaga og leiðbeininga samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins telur undirrituð (Steinunn Erla Kolbeinsdóttir, hdl.) að heppilegast væri að leggja niður stofnunina sem Laugarhérað er og færa eignarhlut stofnunarinnar í jörðinni Laugarási til sveitarfélaganna. Í afsali jarðarinnar til stofnunarinnar eru engar kvaðir sem koma í veg fyrir sölu eða breytingu á eignahaldi eða notkun jarðarinnar þannig að undirrituð sér ekki annað en að heimilt sé að breyta eignarhaldi á jörðinni. Sveitarfélögin geta svo gert nýjan samstarfssamning um samvinnu vegna jarðarinnar, í samræmi við sveitarstjórnarlög og fyrrnefndar leiðbeiningar ráðuneytisins. Þannig er tryggt að samvinnan og fyrirkomulag reksturs fasteignarinnar, innheimta lóðarleigu, o.fl. standist ákvæði laga.

Oddvitanefndin leggur til við sveitarstjórnir aðildarsveitarfélaganna að samþykkja að leggja niður stofnunina Laugaráshérað kt. 620169-5879 og að færa eignarhlut stofnunarinnar í jörðinni Laugarási til sveitarfélaganna.

Jafnframt leggur oddvitanefndin til að Steinunn Erla Kolbeinsdóttir, hdl. verði fengin til að vinna þetta mál áfram með nefndinni og stefnt verði á að verkefninu verði lokið áramótin 2025 – 2026.

Ekki fleira tekið fyrir og fundi slitið kl. 08:25.